

Kópavogsbær
Fannborg 2
200Kópavogur



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavík, 5. febrúar 2025
MÍ202502-0004/ 6.08 /

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Efni: Borgarlínan 1. lota, Fossvogsbú - Hamraborg. Rammahluti Aðalskipulags Kópavogs 2040.

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 3. febrúar 2025 þar sem fram kom að eftir 7 daga muni umsagnarfresti ljúka fyrir málið Borgarlínan í Kópavogi, auglýsing tillögu, rammahluti aðalskipulags nr. 1188/2024. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð, drög að tillögu: *Rammahluti Aðalskipulags Kópavogs, Borgarlínan, Fyrsta lota, Fossvogsbú-Hamraborg*, unnin af VSÓ ráðgjöf, dagsett í október 2024.

Í fyrstu köflum greinargerðarinnar er fjallað um markmið og forsendur skipulagsins, legu borgarlínunnar og staðsetningu kjarnastöðva (bindandi staðsetning), aðrar stöðvar (leiðbeinandi staðsetningu) ásamt innviðum borgarlínunnar og umhverfisskýrslu. Viðmið rammahlutans verða höfð til hliðsjónar við deiliskipulagsgerð og framkvæmdahönnun Borgarlínunnar. Rétt er að taka fram að Umhverfismatsskýrsla fyrir Borgarlínu, lotu 1, Ártúnshöfði – Hamraborg var kynnt samhliða ofangreindum rammahluta aðalskipulags.

Lega borgarlínunnar:

Um er að ræða um það bil 1,2 km leið þar sem borgarlínan mun aka í sérrými á samgönguáum eins og kostur er. Leiðinni er skipt niður í 2 leggi sem kynntir eru nánar í umhverfismatsskýrslunni.

Borgarlínustöðvar:

Um er að ræða eina kjarnastöð sem staðsett verður í Hamraborg. Aðrar stöðvar eru þrjár talsins og er staðsetning þeirra leiðbeinandi (Bakkabraut, Borgarholtsbraut við Stelluróló og Borgarholtsbraut við Sundlaug Kópavogs). Nákvæm staðsetning þessara stöðva er ekki sýnd í skipulagsgögnunum og því ekki hægt að meta hvort fyrirhugaðar framkvæmdir við þær muni raska fornleifum, húsum og/eða mannvirkjum á þessum stöðum.

Í kafla 5.5.3 um áhrif á byggð og byggðamynstur kemur meðal annars fram gert sé ráð fyrir að byggð muni þéttast með breyttri götumynd í nágrenni Borgarlínunnar. Mesta breytingin verður við smágerða íbúðabyggð á Kársnesi. Ef ráðist verður í að breikka götusnið gæti þurft að skerða lóðir og fjarlægja gróður. Einnig kemur fram að lögð verði áhersla á að við skipulag þéttingar og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

útfærslu byggðar verði hlúð að gæðum byggðarinnar. Bent er á að fyrir liggur Byggðakönnun Kársnes þar sem m.a. ger gerð grein fyrir þróun og byggðarsögu Kársness ásamt yfirliti yfir einkenni byggðar, byggðarmynsturs og lagt fram skráning á varðveislumati sem grunnur að tillögum til hverfisverndar ákveðinna svæða. Byggðarkönnunin er vönduð og vel unnin og hvetur Minjastofnun hönnuði skipulags Borgarlínunnar til að nýta sér byggðarkönnunina í áframhaldandi skipulagsvinnu.

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreindan rammahluta aðalskipulags. Búið að skrá fornleifar fyrir skipulagssvæðið, Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2019. Einnig liggur fyrir Byggðakönnun Kársnes, unnin af Úrbanistan í samstarfi við Umhverfissvið Kópavogs árið 2023.

Upplýsingar um þær mótvægisaðgerðir sem Minjastofnun fer fram á vegna framkvæmda við borgarlínu má sjá í umsögn stofnunarinnar um umhverfismatsskýrslu – „Borgarlína, lota 1, Ártúnshöfði – Hamraborg“, mál nr. 1378/2024 í skipulagsgáttinni ásamt umsögnum stofnunarinnar sem verða veittar um deiliskipulagsáætlanir fyrir leggi borgarlínunnar þegar þeir liggja fyrir.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnýslulaga nr. 37/1993.